

AUGLÝSING

um breytingu á reglum um greiðslu kostnaðar vegna ferðalaga
á vegum ríkisins nr. 199 1. sept. 1970.

1. gr.

Með hliðsjón af breyttri niðurröðun starfa í launaflokka, orðist 1. mgr. 6. gr. þannig:

Annar ferðakostnaður en fargjöld greiðist með dagpeningum, og er um 3 flokka að ræða, sbr. 10. gr. II. Dagpeninga I skal greiða eftirfarandi ríkisstarfsmönnum: Ráðuneytisstjórum, ambassáðorum og forstjórum ríkisstofnana eða fyrirtækja, sem taka laun skv. launflokki B I eða hærri. Dagpeninga II skal greiða öðrum starfsmönnum, sem taka laun skv. 24. launflokki eða hærri. Dagpeninga III skal greiða öðrum starfsmönnum.

2. gr.

Breyting þessi öðlast gildi frá 1. apríl 1971.

Fjármálaráðuneytið, 31. marz 1971.

Magnús Jónsson

Gisli Blöndal.